



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna í borgarráði um áhrif færðar á velferðarþjónustu og kennslu

Á fundi borgarráðs, 5. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna sem vísað var til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Kallað er eftir upplýsingum um hvernig færðin hefur raskað velferðarþjónustu og kennslu í leik- og grunnskólum og hvort haldið sé utan um kostnaðinn og afleiðingarnar sem af hljóttast vegna þjónustuskerðingar og forfalla í kennslu. Eins væri gott að fá upplýsingar um hvort stofnanir borgarinnar fylgi einhvers konar verklagi í þessu ástandi.

Svar:

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort að starfsfólk skóla hafi ekki komist til vinnu vegna veðurs eða færðar. Það er ljóst að eitthvað rask hefur orðið í einhverjum tilvikum vegna þess að starfsfólk hefur ekki komist til vinnu en leik- og grunnskólar hafa leyst það innanhúss með eigin mannskap innan þeirra fjárheimilda sem þeir hafa. Ekki liggur fyrir hvort að leikskólar hafi þurft að grípa til faliðunarferlis vegna færðar. Þegar gefnar eru út veðurviðvaranir fylgja skólar og frístundastarf leiðbeiningum um röskun á skóla- og frístundastarfi vegna veðurs sem gefnar hafa verið út af Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins þar sem öryggi barna er haft að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs